

Ársskýrsla UMF Ólafs Pá 2025



Aðalfundur félagsins var haldinn 5.mars 2026 í Dalabúð

Starfsskýrsla UMF Ólafs Pá til UDN – starfsárið 2025

Stjórn félagsins:

Jón Egill Jónsson: formaður,

Ingibjörg Jóhannsdóttir: Ggjaldkeri

Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir: ritari

Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir: meðstjórnandi

Christine Sarah Arndt: varamaður.

Anna Sigríður Grétarsdóttir: varamaður

Iðkendur:

Skráðir félagar í UMF Ólaf Pá eru samtals 127. Engin félagsgjöld hafa verið rukkuð í nokkur ár.

Iðkendur eru þeir sem hafa aðgang að líkamsræktarsal félagsins, engir iðkendur eru í öðrum greinum.

Starf félagsins:

Starfsár félagsins var hefðbundið líkt og undanfarin ár, þ.e aðallega rekstur líkamsræktaraðstoðu félagsins að Vesturbraut 8, ásamt því er leigð út herbergi fyrir snyrtifræðing og annað herbergi fyrir hárgreiðslustofu. Enn hefur ekki tekist að finna aðila fyrir meðferðarherbergið en unnið er markvisst að því að fá sjúkraþjálfara á svæðið, þó hafa aðrir meðferðaraðilar koma til okkar stöku sinnum s.s. kiropraktor, höfuð- bein og spjaldmeðferð einnig Bowen.

Aðsókn í líkamsræktarsalinn færir sífellt í aukana sem er mjög ánægjulegt.

Slökkviliðsmenn, elli- og örorkulífeyrisþegar í Dalabyggð hafa fengið frítt í salinn sbr samning félagið við Dalabyggð.

Auðarskóla hefur áfram afnot fyrir nemendur til íþróttaiðkunar og eins hefur **Íþróttafélagið Undri** haft gjaldfrjálst afnot af salnum fyrir æfingartíma ætluðum íbúum 60+, en líkt og fyrri ár hefur Pálína Kristín séð um tíma fyrir þennan hóp sem gefist hefur mjög vel. Þau hafa afnot af salnum 3x í viku.



Pósthlaup 2025

Í lok júlí tók félagið þátt í undirbúningi, skipulanginu og umsjón með **Pósthlaupinu** eins og undanfarin 4 ár ásamt **Björgunarsveitinni Ósk**,

Glímufélagi Dalamanna auk **Slysavarnardeildarinnar** sem sá um að gefa öllum viðstöddum girnilega súpu og ís. Alls tóku um 150 mans þátt og hefur aukist að heimamenn taki þátt.



Póststubburrinn var á sínum stað og var mikil fjöldi barna sem tók þátt. Allir fengu verðlaunapening að hlaupi loknu. Það er ánægjulegt að geta gefið yngstu kynslóðinni aukið vægi á hlaupadeginum okkar.



Allur ágóði af hlaupinu rennur til félaganna þriggja sem á síðasta ári var rétt rúm 900þús kr. Kostnaður við þetta hlaup er greitt af Póstinum og erum innilega þakklát fyrir þann stuðning. Í ár fengu félögin einnig styrki frá Eykt hf og Bílabúð Benna fyrir skipulagningu og annað í tengslum við Póststubbinn.



Undirbúningur fimmta Pósthlaupsins er hafið og verður það haldið í lok júlí. Þetta hlaup hefur fest sig í sessi og vonumst við eftir góðri mætingu.

Margir sjálfboðaliðar koma að þessu hlaupi enda töluverð skipulagnig, sem þarf að vera sem allra best. En á ári hverju er hátt í 30 mann sem standa vaktina á sjálfan halupadaginn.

Framkvæmdir:

Félagi er stöðugt að endurnýja tækjabúnað í sal og eins að gera lagfæringar á húsnæði. Skipt var um nær allar hurðir í húsinu, og þvottaaðstaða betrubætt. Stefn er að því að klára hellulagninu á bílastæði fyrir hreyfihamlaða, ásamt nýjum hjólastólaramp fyrir utan húsnæðið á vormánuðum.

Margt er óklárað s.s. lagfæringar á gluggum, og ýmislegt annað en unnið verður að því þegar fjárhagur leyfir.

Félagið hefur verið lánsamt með aðstoð sem hefur í flestum tilfellum verið sjálfboðavinna og þökkum við fyrir þann stuðning.

Rekstur félagsins:

Rekstur félagsins hefur verið góður, við höfum eins og áður segir náð að endurnýja eitthvað af tækjum og gert lagfæringar á húsnæði.

Framtíðarsýn

Stefna félagsins er að halda áfram rekstri líkamsræktaraðstöðu fyrir íbúa Dalabyggðar og veita þannig öllum gott aðgengi að hverskonar líkamsræktar, sem stutt getur **«heilbrigðri sál í haustum líkama»**

Stjórn UMF Ólafs Pá

